

AUGLÝSING

um deiliskipulag skóla- og íþróttasvæðis í Sveitarfélaginu Álftanesi.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Álftaness samþykkti þann 26. júní 2008 nýtt deiliskipulag skóla- og íþróttasvæðis á Álftanesi. Um er að ræða heildarendurskoðun deiliskipulags skóla og íþróttasvæðis sem samþykkt var 16. nóvember 1999 með síðari breytingum.

Skipulagssvæðið afmarkast til norðausturs af íbúðabyggð við Vesturtún, Blátún og Skólatún; til suðausturs af miðsvæðisreit; til suðvesturs af Breiðumýri og til norðvesturs af Suðurnesvegi.

Um er að ræða nýtt heildardeiliskipulag svæðisins sem tekur mið af þeim breytingum sem þegar hafa verið gerðar og þeim áformum sem felast í skipulagi miðsvæðis á Álftanesi og stækkun Álftanesskóla.

Deiliskipulagið tekur til skólasvæðis, þ.e. lóða Álftanesskóla, leikskólans Krakkakots og íþróttamiðstöðvar Álftaness og íþrótt- og útivistarsvæðis með íþróttavöllum, vallahúsi, skátaheimili og athafnasvæði skáta, tjaldsvæðis og almenns útivistarsvæðis til leikja og útiveru.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Um leið fellur úr gildi deiliskipulag skóla- og íþróttasvæðis sem samþykkt var 16. nóvember 1999 með síðari breytingum.

Álftanesi, 2. júlí 2008.

F.h. bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Álftaness,

Pálmi Þór Másson
skrifstofustjóri.